



Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

***Notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.***

Á fundi borgarstjórnar þann 4. maí 2021 var samþykkt tillaga um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands af völdum COVID-19 í sveitarfélagi. Heimilað var að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins. Heimildin gildir til og með 22. júlí 2021 og nær til ráða og nefnda Reykjavíkurborgar.

Þann 13. júní sl. voru samþykktar breytingar á sveitarstjórnarlögum sem snúa m.a. að heimildum til að nýta fjarfundabúnað við fundahöld. Í lögnum kemur fram að mæla skal fyrir um heimild sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Jafnframt kemur fram að þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess. Þá skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Kjörnum fulltrúum er því ekki heimilt að taka sæti á fundum nefnda og ráða með rafrænum hætti eftir 22. júlí nk. Ekki er gert ráð fyrir því að tímabundnar heimildir til að víkja frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga verði framlengdar í ljósi þess að fallið hefur verið frá samkomutakmörkunum vegna COVID-19. Eftir þennan tíma ber kjörnum fulltrúum því að tilkynna um forföll og óska eftir boðun varamanna í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og gildandi samþykktir.

Forsætisnefnd mun fjalla um mögulegar breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar á fundum sínum í ágúst nk. Unnt verður að afgreiða mögulegar breytingar á samþykktinni á vettvangi borgarstjórnar, í tveimur umræðum, á reglulegum fundum borgarstjórnar í september.

Athygli er vakin á því að áfram verður heimilt fyrir gesti á fundum nefnda og ráða að nýta fjarfundabúnað.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar